

Tillögur um breytingar á samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins, lagðar fyrir ársfund 13. maí 2019

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

I. Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins

II. Breytingartillaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar við tillögu stjórnar um breytingu á gr. 4.9.

I. Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins

1. Breyting á skilgreiningu á „rétthafa“ að séreign

Breyting á grein 3.3.

3.3. Sjóðfélagi er sá einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til tryggingadeildar sjóðsins og á hjá henni/honum réttindi. Rétthafi er einstaklingur sem á hjá sjóðnum séreigngreitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt viðbótarframlag til séreignar í sjóðinn og á í honum inneign.

Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

3.3. *Sjóðfélagi er sá einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til tryggingadeildar sjóðsins og á hjá henni réttindi. Rétthafi er einstaklingur sem á hjá sjóðnum séreign.*

Rökstuðningur:

Framangreind tillaga er gerð til að skýra, að aðili sem á hjá sjóðnum séreign en hefur sjálfur ekki greitt til sjóðsins, til að mynda vegna séreignar sem hefur viðkomandi hefur erft eða hefur flutt til sjóðsins frá öðrum vörsluaðila, telst rétthafi í skilningi samþykktanna og nýtur réttinda sem slíkur.

2. Breyting á tilvísun til rekstraraðila og um ráðningu og verkvið framkvæmdastjóra

Breyting á grein 4.9.

- 4.9. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að bíða heimildar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera rekstrarsamning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um daglegan rekstur sjóðsins í heild eða að hluta, að undanskilinni framkvæmdastjórn sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal sérstaklega kveðið á um eftirlit stjórnar og framkvæmdastjóra með framkvæmd samningsins. Rekstrarsamningur skal birtur á vefsíðu sjóðsins en stjórn er heimilt í undantekningatilvikum, ef ríkar ástæður eru til, að undanskilja atriði sem geta varðað mikilvæga viðskiptalega hagsmuni beggja samningsaðila, en sjóðfélagar skulu þá upplýstir um hvaða atriði voru efnislega undanskilin. Rekstrarsamningur skal sendur viðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins að þessu leyti eða breyta vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðfélaga og öðlast aðeins gildi hljóti tillagan samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða, líkt og gildir um samþykktarbreiðingar skv. gr. 21.1.

Arion banki hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins og Arion banki hf. gera þar að lútandi. Þetta samkomulag skal sent Fjármálaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 4.9. *Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn sjóðsins.*

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að bíða heimildar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera rekstrarsamning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um daglegan rekstur sjóðsins í heild eða að hluta, að undanskilinni framkvæmdastjórn sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal sérstaklega kveðið á um eftirlit stjórnar og framkvæmdastjóra með framkvæmd samningsins. Rekstrarsamningur skal birtur á vefsíðu sjóðsins en stjórn er heimilt í undantekningatilvikum, ef ríkar ástæður eru til, að undanskilja atriði sem geta varðað mikilvæga viðskiptalega hagsmuni beggja samningsaðila, en sjóðfélagar skulu þá upplýstir um hvaða atriði voru efnislega undanskilin. Rekstrarsamningur skal sendur viðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins að þessu leyti eða breyta vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðfélaga og öðlast aðeins gildi hljóti tillagan samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða, líkt og gildir um samþykktarbreytingar skv. gr. 21.1.

Rökstuðningur:

Framangreind tillaga tekur mið af eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á ársfundi Frjálsa árið 2018:

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins leggur til að ársfundur sjóðsins 30. maí 2018 samþykki að fela stjórn að koma með tillögu til breytinga á samþykktum sjóðsins á næsta ársfundi eða aukaársfundi sem feli í sér að:

- *tilvísun til Arion banka sem rekstraraðila sjóðsins verði tekin út úr samþykktum, hafi það ekki þegar verið samþykkt á fundinum,*
- *að sett verði inn heimild fyrir stjórn sjóðsins til að semja við ótilgreindan utankomandi aðila um daglegan rekstur sjóðsins, og að sett verði í samþykktir ákvæði um að breytingar sem stjórn hyggist gera á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins eða vali á rekstraraðila skuli bornar undir sjóðfélagafund til samþykktar og öðlist aðeins gildi hafi tillagan hlotið samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða líkt og gildir um samþykktarbreytingar.*

Til samræmis við ályktunina, er lagt til að felld verði út tilvísun til tilgreinds rekstraraðila í samþykktum sjóðsins. Ákvæðið er ekki einskorðað við fjármálafyrirtæki þar sem sveigjanleiki þarf að vera fyrir hendi að útvista t.d. innri endurskoðun til endurskoðunarfyrirtækis. Í framangreindri ályktun ársfundar er tekið fram að stjórn eigi ekki að hafa heimild til að gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi eða vali á rekstraraðila án þess að leggja breytinguna fyrir sjóðfélaga til samþykktar í atkvæðagreiðslu.

Stjórnin leggur því til breytingar á samþykktum til að endurspegla þessi viðhorf sjóðfélaga.

Þessu til viðbótar er kveðið á um skyldu stjórnar til að ráða framkvæmdastjóra, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, og er sérstaklega tekið fram að útvistun í heild eða hluta á daglegum rekstri taki ekki til framkvæmdastjórnar sjóðsins. Líkt og tilkynnt var á vefsíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins þann 2. apríl 2019 ákvað stjórn sjóðsins í samráði við rekstraraðila að breyta fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins frá og með 1. apríl 2019. Í stað þess að rekstraraðili tilnefni starfsmann sinn sem framkvæmdastjóra sjóðsins, eins og verið hefur frá stofnun sjóðsins, er framkvæmdastjóri nú starfsmaður Frjálsa lífeyrissjóðsins og ráðinn af stjórn hans. Af því tilefni var undirritaður nýr rekstrarsamningur, dagsettur 29. mars 2019. Þá er tekið fram að rekstrarsamning skuli birta á vefsíðu sjóðsins en það skal tekið fram að rekstrarsamningurinn hefur verið aðgengilegur á vefsíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins frá 13. nóvember 2018.

3. Heimild stjórnar vegna rafrænna kosninga – stjórnarkjör

Breyting á grein 4.1.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Á ársfundi skulu kosnir tveir Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða ~~þrjú~~ aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn. Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.

Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 4.1. *Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. Kjósa skal tvo aðalmenn til þriggja ára í senn eða þrjú aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn. Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.*

Rökstuðningur:

Markmið tillögunnar er að heimila stjórn að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti.

Í lífeyrslögum, nr. 129/1997, er tekið fram að samþykktir lífeyrissjóða skuli kveða á um hvernig vali stjórnarmanna skuli háttað (5. tl. 2. mgr. 27. gr.). Þá er tekið fram að atkvæðisréttur skuli vera í samræmi við samþykktir (1. mgr. 30. gr.). Með því að veita stjórn þessa heimild er m.a. litið til heimilda félagsstjórna hlutafélaga í 80. gr. a í hlutafélagalögum nr. 2/1995. Þar segir að félagsstjórn geti ákveðið að atkvæðagreiðslur fari fram rafrænt, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

Með því að veita stjórn heimild sem þessa er ennfremur litið til þess að stjórn geti metið hvaða kröfur skuli gera til tæknibúnaðar sem notaður er hverju sinni. Þá er stjórn gert skylt að tilgreina sérstaklega reglur um atkvæðagreiðsluna og skulu þær fylgja fundarboði. Í ljósi þess að rafrænt kjör til stjórnar fer fram fyrir ársfund og niðurstaðan tilkynnt á ársfundi, er ennþá gert ráð fyrir að kosning til varastjórnar fari fram á ársfundi. Frambjóðendum gefst þannig kostur á að bjóða sig einnig fram til varastjórnar ef ekki hlýst framgangur til aðalstjórnar í rafrænni kosningu.

Breyting á grein 4.2.

- 4.2. Framboð til stjórnar skal tilkynna sjóðnum með sannanlegum hætti með a.m.k. 14 sjö daga fyrirvara.

Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

- 4.2. *Framboð til stjórnar skal tilkynna sjóðnum með sannanlegum hætti með a.m.k. 14 daga fyrirvara.*

Rökstuðningur:

Í ljósi tillagna um heimild stjórnar til að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram rafrænt, eru til samræmis lagðar til breytingar á framboðsfresti vegna stjórnarkjörs.

Breyting á greinum 5.1., 5.2. og 5.3.

- 5.1. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Rétt til setu á ársfundi eiga sjóðfélagar, rétthafar, stjórnarmenn sjóðsins og fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við. Stjórnin skal boða fundinn á sannanlegan hátt með þriggjafjögurra vikna fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina



reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar og rafræna atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum, eigi það við.

5.2. Atkvæðisrétt á ársfundum eiga sjóðfélagar og rétthafar. Atkvæðamagn fer eftir inneign þeirra í séreignarsjóði við næstliðin mánaðamót og hlutfallslegri inneign í tryggingadeild við næstliðin áramót, en með hlutfallslegri inneign í tryggingadeild er átt við hlutfallslega skiptingu eigna tryggingadeildar m.v. áunnin réttindi sjóðfélaga. Atkvæðisréttur á ársfundi er varðar einstakar deildir sjóðsins er bundinn við þá aðila sem eiga réttindi eða inneign í viðkomandi deild.

5.3. Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund getur hann gefið öðrum umboð til að sækja fundinn fyrir sína höndfara með atkvæðisrétt sinn.

Verði tillögurnar samþykktar, yrðu greinarnar svohljóðandi:

5.1. *Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Rétt til setu á ársfundi eiga sjóðfélagar, rétthafar, stjórnarmenn sjóðsins og fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við. Stjórnin skal boða fundinn á sannanlegan hátt með fjögurra vikna fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar og rafræna atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum, eigi það við.*

5.2. *Atkvæðisrétt á ársfundum eiga sjóðfélagar og rétthafar. Atkvæðamagn fer eftir inneign þeirra í séreignarsjóði við næstliðin mánaðamót og hlutfallslegri inneign í tryggingadeild við næstliðin áramót, en með hlutfallslegri inneign í tryggingadeild er átt við hlutfallslega skiptingu eigna tryggingadeildar m.v. áunnin réttindi sjóðfélaga. Atkvæðisréttur á ársfundi er varðar einstakar deildir sjóðsins er bundinn við þá aðila sem eiga réttindi eða inneign í viðkomandi deild.*

5.3. *Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund getur hann gefið öðrum umboð til að sækja fundinn fyrir sína hönd.*

Rökstuðningur:

Í ljósi tillagna um heimild stjórnar til að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram rafrænt, er m.a. lagt til að boðun skuli fara fram að lágmarki fjórum vikum fyrir ársfund í stað þriggja, til samræmis við tillögu um breyttan tímafrest í grein 4.2. Einnig er lagt til að orðalag í grein 5.3. verði aðlagð hvað varðar heimildir til að veita umboð og í stað þess sem nú er er tekið fram að umboð taki með almennari hætti til fundarsetu. Umboð tæki þá til nýtingu atkvæðis eftir því sem við ætti hverju sinni. Að lokum er með tillögu varðandi grein 5.2. gert skýrara hvernig atkvæðamagn er ákvarðað hvað varðar hlutfallslega inneign í tryggingadeild.



4. Breyting á dagskrá ársfundar

Breyting á greinum 5.4.3., 5.4.4. og 5.4.5.

Lagt er til grein 5.4.5. færist frammar í dagskrá ársfundar og taki greinarnúmerið 5.4.3. Núverandi grein 5.4.3. tekur samkvæmt þessu greinarnúmerið 5.4.4. og núverandi grein 5.4.4. greinarnúmerið 5.4.5.

5.4.3. ~~Kosning stjórnar og varamanna þeirra. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun.~~

5.4.4. ~~Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.~~

5.4.5. ~~Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Kosning stjórnar og varamanna þeirra.~~

Verði tillagan samþykkt, yrðu greinarnar svohljóðandi:

5.4.3. *Kosning stjórnar og varamanna þeirra.*

5.4.4. *Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun.*

5.4.5. *Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.*

Rökstuðningur:

Dagskrá ársfundar er í níu liðum sem eru tilgreindir í greinum 5.4.1. til 5.4.9. í samþykktum. Tillögunni er ætlað að auðvelda framkvæmd og framgang ársfundar, þannig að hefja megi kosninga fyrr á fundinum en verið hefur. Dagskrárliðurinn *kosning stjórnar og varamanna þeirra* færist samkvæmt þessu frammar í dagskrá og yrði tekinn fyrir í beinu framhaldi af *skýrslu stjórnar og kynningu ársreiknings*. Röðun annarra dagskrárliða verður aðlöguð til samræmis.

5. Heimild stjórnar vegna rafrænna kosninga - samþykktir

Breytingar á grein 21.1.

21.1. Breytingar á samþykktum þessum öðlast því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða ~~sjóðfélaga á ársfundi sjóðsins eða aukaársfundi~~ og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis. Stjórn er heimilt að ákveða að kosning um samþykktarbreytingar skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði ársfundar eða aukaársfundar. Stjórn skal þá í fundarboði tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu vegna breytinga á samþykktum.

Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

21.1. *Breytingar á samþykktum þessum öðlast því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða sjóðfélaga og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis. Stjórn er heimilt að ákveða að kosning um samþykktarbreytingar skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði ársfundar eða aukaársfundar. Stjórn skal þá í fundarboði tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu vegna breytinga á samþykktum.*

Rökstuðningur :

Tillögur þessar miða að því að veita stjórn heimild til að ákveða að breytingar á samþykktum skuli bornar upp í rafrænni atkvæðagreiðslu. Samkvæmt 10. til. 2. mgr. 27. gr. lífeyrislaga skulu samþykktir lífeyrissjóða kveða á um hvernig skuli staðið að breytingum á samþykktum. Öðlast breytingar þó ekki gildi fyrr en staðfesting ráðherra liggur fyrir, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Ekki er nánar kveðið á um hvernig ferli samþykktarbreytinga skuli háttað og verður því að leggja til grundvallar að lífeyrissjóðum sé veitt talsvert svigrúm til að ákveða fyrirkomulagið.

6. Breyting vegna tilhögunar lífeyrisgreiðslna

Breytingar á grein 16.2.

16.2. ... Nemi áunnin réttindi til ~~e~~lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. ...

Verði tillagan samþykkt, yrði greinin svohljóðandi:

16.2. ... *Nemi áunnin réttindi til lífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. ...*

Rökstuðningur:

Tillögur þessar miða að því að gera skýrara að sjóðnum sé almennt heimilt að greiða í eingreiðslu áunnin réttindi til lífeyris þegar upphæð er undir tilgreindum mörkum, sem taka mið af 8. gr. samkomulags um samskipti lífeyrissjóða, þegar ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða.

II. Breytingartillaga Halldórs Friðriks Þorsteinssonar

1. Breytingartillaga við tillögu stjórnar um breytingu á gr. 4.9.

Lagt er til að 5. mgr. í tillögu stjórnar um breytingu á gr. 4.9. verði felld úr tillögum. Orðalagið sem felld verður úr tillögum skv. þessari breytingartillögu er eftirfarandi:

... Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins að þessu leyti eða breyta vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðfélaga og öðlast aðeins gildi hljóti tillagan samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða, líkt og gildir um samþykktarbreytingar skv. gr. 21.1.

Verði breytingartillagan samþykkt yrði svohljóðandi tillaga lögð fyrir ársfund um breytingu á gr. 4.9. í samþykktum sjóðsins:

4.9. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að bíða heimildar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera rekstrarsamning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um daglegan rekstur sjóðsins í heild eða að hluta, að undanskilinni framkvæmdastjórn sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal sérstaklega kveðið á um eftirlit stjórnar og framkvæmdastjóra með framkvæmd samningsins. Rekstrarsamningur skal birtur á vefsíðu sjóðsins, en stjórn er heimilt í undantekningartilvikum, ef ríkar ástæður eru til, að undanskilja atriði sem geta varðað mikilvæga viðskiptalega hagsmuni beggja samningsaðila, en sjóðfélagar skulu þá upplýstir um hvaða atriði voru efnislega undanskilin. Rekstrarsamningur skal sendur viðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Rökstuðningur:

Lagt til að stjórn hafi heimild til að gera rekstrarsamning um daglegan rekstur í heild eða hluta við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila. Með breytingunni er nafn Arion banka hf. sem skyldubundins rekstraraðila tekin út úr samþykktum sjóðsins. Ákvörðun um gerð rekstrarsamnings er hluti af stefnumörkun varðandi skipulag starfseminnar og felur í sér útvistun á starfsemi, væntanlega eftir samanburð á tilboðum frá mögulegum rekstraraðilum, og er eðlilegur hluti af störfum stjórnar, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Ákvæði um útvistun stjórnar á starfsemi má t.d. finna í samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins (gr. 5.13), EFÍA (gr. 4.7) og Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands (gr. 4.9). Í ljósi framangreinds verður ekki talin þörf á að stjórn sé beri ákvörðun um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins eða breytingu á vali á rekstraraðila fyrir sjóðfélaga til samþykktar í atkvæðagreiðslu, líkt og nú er gert ráð fyrir í tillögum stjórnar. Er því lagt til að 5. mgr. í tillögum stjórnar til breytinga á gr. 4.9. í samþykktum sjóðsins verði felld á brott.